

Nd.

401. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til nokkurra ráðstafana vegna alþingishátíðarinnar 1930.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjárhagsnefnd vill verða við þeim tilmælum undirbúningsnefndar alþingishátíðarinnar, sem felast í frv. þessu.

Nefndin álitur rjett, að ríkisstjórnin fái eigi aðeins heimild til umráða yfir herbergjum í gistihúsum í Reykjavík og á Þingvöllum um þann 3 vikna tíma, er frv. ræðir um, heldur og heimild til að ákveða hámarksverð fyrir afnot herbergjanna.

Nefndin mælir því með, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. III. Aftan við liðinn bætist: og ákveða hámarksverð á þeim.

Alþingi, 23. apríl 1929.

H. Stefánsson, form.	Ólafur Thors, frsm.	Hannes Jónsson, fundaskr.
Asg. Ásgeirsson.	Jón A. Jónsson, með fyrirvara.	Sig. Eggerz, með fyrirvara.
		Hjediinn Valdimarsson.